LEK mótaröðin í hermum

Keppnisskilmálar

1. Mótshaldari

LEK – Landssamtök eldri kylfinga standa fyrir mótaröð í Trackman - hermum fyrir eldri kylfinga á Íslandi. Markmið mótaraðarinnar er að efla golfiðkun og keppni meðal eldri kylfinga yfir vetrartímann.

2. Þátttökuréttur

Þátttökurétt hafa kylfingar sem eru félagar í golfklúbbi, hafa aðgang að Golfbox og hafa náð 50 ára aldri. Aldur miðast við það almanaksár þegar mótaröðin hefst.

Keppendur skulu hafa virkan Trackman-aðgang og Trackman-forgjöf sem byggist á að minnsta kosti þremur gildum forgjafarhringjum í Trackman.

3. Skráning

Skráning í mótaröðina fer fram í Golfbox.

Keppendur skrá sig inn í Trackman og velja viðkomandi mót í Trackman Tournaments og hefja leik samkvæmt leiðbeiningum kerfisins.

Keppendur greiða sjálfir fyrir notkun golfherma samkvæmt gjaldskrá viðkomandi rekstraraðila.

4. Keppnisfyrirkomulag

Keppnisfyrirkomulag, keppnisflokkar, vellir, dagsetningar, fjöldi leyfilegra tilrauna, stigagjöf og verðlaun eru tilgreind í mótslýsingu hverju sinni.

Leiknar eru 18 holur í hverju móti.

Keppt er í punktakeppni (Stableford) með Trackman-forgjöf.

Spila má hvern völl 3 sinnum og gildir besta skor í mótinu.

Ef keppandi leikur aðeins einn eða tvo hringi gildir betri niðurstaðan af þeim hringjum sem hann hefur lokið.

Skor og Stableford-punktar eru reiknaðir í Trackman.

5. Forgjöf

Notuð er Trackman-forgjöf (Trackman Handicap) við útreikning Stableford-punkta.

Keppendur þurfa að hafa lokið að minnsta kosti þremur gildum forgjafarhringjum í Trackman áður en þeir hefja þátttöku.

Forgjöf og punktar eru reiknaðir samkvæmt forgjafarkerfi Trackman.

6. Vallaruppsetning og leikstillingar

Leikstillingar eru ákveðnar fyrirfram í Trackman og gilda fyrir alla þátttakendur.

Velja skal eftirfarandi teiga:

- Karlar 50+: í kringum 5600 m.
- Karlar 70+: í kringum 5200 m.
- Konur: í kringum 4700 m.

Aðrar leikstillingar eru samkvæmt uppsetningu mótsins í Trackman.

7. Gildar umferðir og tæknileg atvik

Keppnishringur telst gildur þegar honum hefur verið lokið og niðurstaðan hefur skráðst í Trackman.

Verði tæknileg bilun skal keppandi tilkynna hana til umsjónaraðila golfhermis eða mótsstjórnar eins fljótt og unnt er.

Mótsstjórn sker úr um gildi umferða og meðferð tæknilegra atvika.

Óheimilt er að misnota leikstillingar eða tæknilega virkni Trackman til að hafa óeðlileg áhrif á úrslit.

Mótsstjórn getur ógilt skor eða vísað keppanda úr móti ef brot á keppnisskilmálum er staðfest.

8. Stigakeppni – Order of Merit

Í mótaröðinni er notað Order of Merit-stigakerfi Trackman.

Keppendur fá stig eftir sæti í hverju móti samkvæmt stigakerfi Trackman.

Fjórar bestu mótsniðurstöður hvers keppanda af fimm telja í stigakeppninni.

Keppandi sem tekur þátt í færri en fimm mótum fær samanlögð stig úr þeim mótum sem hann hefur lokið.

Sá keppandi sem hlýtur flest samanlögð stig í sínum keppnisflokki sigrar mótaröðina.

9. Jafntefli

Ef keppendur eru jafnir að Stableford-punktum í einstöku móti fer röðun þeirra samkvæmt úrslitareglum Trackman.

Ef keppendur eru jafnir að heildarstigum í Order of Merit fer röðun samkvæmt þeim reglum sem gilda um stigakeppnina í Trackman.

Mótsstjórn sker úr um ágreining sem ekki verður leystur með niðurstöðum kerfisins.

10. Úrslit og birting þeirra

Úrslit einstakra móta og staða í stigarkeppninni verða birt í Trackman.

Mótsstjórn hefur umsjón með staðfestingu úrslita og getur leiðrétt niðurstöður ef mistök eða tæknileg vandamál koma í ljós.

11. Mótsstjórn

Mótsstjórn fer með úrskurðarvald um framkvæmd mótanna og ágreiningsmál sem kunna að koma upp.

12. Breytingar og fyrirvarar

Mótsstjórn áskilur sér rétt til að breyta keppnisskilmálum, dagsetningum eða framkvæmd móta ef tæknilegar bilanir eða aðrar ófyrirséðar aðstæður gera það nauðsynlegt.

Sendið póst á lek@golf.is ef spurningar vakna.

Birt með fyrirvara um breytingar.

LEK – Landssamtök eldri kylfinga